



## Fundur hafnar- og skipulagsnefndar

Miðvikudaginn 14. desember 2016 var haldinn fundur í hafnar- og skipulagsnefnd á skrifstofu sveitarfélagsins kl 16.00. Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Jóhann Sigurjónsson, Sigríður Gestsdóttir, Péturína L. Jakobsdóttir, Þröstur Líndal, Bragi Þór Haraldsson, byggingar- og skipulagsfulltrúi og Magnús B. Jónsson sveitarstjóri.

Adolf H. Berndsen formaður nefndarinnar setti fundinn og stjórnaði honum.

### 1. Skipulagsmál

#### a. Melstaðatún – deiliskipulag

Fyrir fundinum lágu endurskoðir uppdráttir og tillaga að deiliskipulagi Melstaðatúns sem hafði áður verið auglýst 2014. Að afloknum athugasemdafresti þá komu fram ábendingar og athugasemdir sem að hluta leiddu til breytinga á deiliskipulagstillögunni. Tillagan var tekin til umræðu og afgreiðslu með áorðnum breytingum. Samþykkt að þar sem það langt er liðið frá fyrri auglýsingu sé skylt að auglýsa skipulagið að nýju og veita athugasemdafrest. Sveitarstjóra og skipulagsfulltrúa falið að láta auglýsa skipulagið.

Jafnframt var samþykkt að gera lóðaleigusamninga annarsvegar við eigendur Laufáss á forsendum deiliskipulagsins og hins vegar við Sæluhúsin ehf um Melstaðatún á forsendum deiliskipulagsins.

#### b. Reitir fyrir stöðuhýsi

Fyrir fundinum lá erindi Jóns G. Sveinssonar kt. 240757-2149 sem sækir um heimild til að setja niður stöðuhýsi á svæðinu Hólaberg sem hefur verið skipulagt fyrir sumarhús. Meðfylgjandi erindinu voru uppdráttir og myndir af slíkum hýsum.

Einnig lágu fyrir fundinum uppdráttir sem sýna mögulega staðsetningu slíkra hýsa, annarsvegar við Skagaveg sunnan Höfðastrætis og hins vegar í vesturjaðri tjaldsvæðis.

Skipulagsnefnd taldi réttara að koma þeirri starfsemi fyrir í tengslum við tjaldstæðið og samþykkti fela sveitarstjóra að vinna að nánari skilgreiningu og skipulagningu þar.

#### c. Lóðamörk til staðfestingar

Skipulagsfulltrúi lagði fram til staðfestingar uppdrátti sem sýna lóðamörk eftirfarandi lóða:

- Sunnuvegur 1
- Sunnuvegur 3
- Sunnuvegur 5
- Sunnuvegur 7
- Sunnuvegur 9
- Sunnuvegur 11



## HAFNAR- OG SKIPULAGSNEFND SKAGASTRANDAR

- Sólarvegur 16
- Einbúastígs 1
- Einbúastígs 3
- Einbúastígs 5
- Grund
- Hjallholt

Lóðamörkin voru staðfest af nefndinni.

### d. Skammtímaleiga v/gistingar

Byggingar- og skipulagsfulltrúi óskað eftir afstöðu nefndarinnar til afgreiðslu umsagna um skammtímaleigu v/gistingar. Fyrir fundinum lá samantekt um húsnæði sem sótt hefur verið um rekstrarleyfi til sölu gistingar.

Heiti eignar	Fnr	Tegund gistingar
Iðavellir	213-9151	Flokkur II
Hólabraut 26	213-8913	Flokkur I
Hjallholt	213-9139	Flokkur II
Bogabraut 16	213-8815	Flokkur II
Lundur	213-9167	Flokkur I
Hólaberg 4	228-3099	Flokkur II
Melstaðatún		Flokkur II

Umræður urðu um hvernig umsagnir séu gefnar af byggingarfulltrúa og hvort þörf sé á sérstökum reglum um umsagnir vegna slíkra mála. Skipulagsnefnd taldi ekki rétt að setja sérstakar skorður af skipulagslegum ástæðum en að formgerð og öryggismál viðkomandi húsnæðis verði að standast kröfur.

## 2. Höfnin

### a. Fjárhagsáætlun hafnar

Fyrir fundinum lá fjárhagsáætlun hafnarinnar 2017 sem sveitarstjóri skýrði. Umræður urðu um rekstur hafnarinnar en málið var til kynningar og því ekki gerðar ályktanir.

### b. Innsiglingamerki á Brúnkollu

Formaður greindi frá stöðu innsiglingamerkis á skerið Brúnkollu sem er í úrvinnslu hjá siglingasviði Vegagerðarinnar. Innsiglingamerki sem var á jarnstaur á skerinu féll niður sl. vetur og hefur verið ákveðið að setja bauju norðan við skerið. Í samráði við skipstjórnarmenn var ákveðið að hafa hvítt ljós á henni. Baujan er væntanleg á næstu vikum áætlaður kostnaður er um 2 milljónir króna.

### c. Tillaga að smábátahöfn

Fyrir fundinum lágu uppdrættir sem sýna tillögu að smábátahöfn sem gert er ráð fyrir að komi austan Skúffugarðs. Smábátahöfnin er hönnuð af siglingasviði Vegagerðar og er áætlaður heildarkostnaður um 133 millj. kr. með vsk. Formaður greindi frá því að þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir umtalsverðum fjármunum til



## HAFNAR- OG SKIPULAGSNEFND SKAGASTRANDAR

framkvæmda á Skagastrandarhöfn í samgönguáætlun sé svo takmarkað fé lagt í hafnir á fjárlögum 2017 að ekki liggi fyrir staðfesting á framlagi ríkisins í framkvæmdum.

Formaður gerði það að tillögu sinni að sett verði í forgang að koma upp aðstöðu fyrir smábáta áður en ráðist verður í framkvæmdir við Ásgarð en með því skapist aukið viðlegurými.

Tillagan var samþykkt.

### 4. Önnur mál.

Ekki voru tekin fyrir mál undir þessum dagskrárlið.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 18.00

Sigríður Guðvörðsdóttir

H. H. Bened

Péturinna I. Jónsdóttir

Jónas P. Sig.

Fróða L. Jón

Bragi Þór Hórnaldsson

